



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum

Landsfundur jafnréttisnefnda í Mosfellsbæ 19. september 2008

Anna G. Björnsdóttir

sviðsstjóri

Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Til hvers að undirrita sáttmálann?



- Jafnréttisstarf sveitarfélaga mikið snúist um einstök átaksverkefni
- Vantað heildstæðar aðgerðir sem eru innbyggðar í starfsemina
- Sáttmálinn býður upp á verkfæri til þess
- Hann tekur til allra sviða sveitarfélaga þar sem talin er þörf á jafnréttisaðgerðum
- Hann felur í sér aðgang að tengslaneti evrópskra sveitarfélaga um jafnréttismál

Hvers konar sáttmáli er þetta?



- Ekki hefðbundinn milliríkjasamningur sem er lagalega bindandi
- Undirritun sáttmálans felur í sér pólitíska yfirlýsingu um að viðkomandi sveitarfélag muni haga jafnréttisstarfi sínu í samræmi við ákvæði sáttmálans
- Byggt á að sveitarfélög séu best til þess fallin að berjast gegn misrétti kynjanna og tryggja jafnrétti í raun sem það stjórnvald sem stendur næst íbúum

Hvernig varð sáttmálinn til?



- Evrópusamtök sveitarfélaga, CEMR, höfðu frumkvæði að samningu sáttmálans
- Aðildarsamtök CEMR í meira en 30 löndum tóku þátt í samningu hans 2005-2006
- Verkefnið naut fjárstuðnings frá jafnréttisáætlun ESB
- Yfir 750 sveitarfélög og héruð í 21 Evrópulandi hafa undirritað sáttmálann



- Hefur staðið fyrir ýmsum aðgerðum til að hvetja konur til að taka þátt í pólitísku starfi á sveitarstjórnarstigi
- “The European Town for Equality”
- Enginn íslenskur fulltrúi í nefndinni, ennþá!

Staða sáttmálans gagnvart jafnréttislögum



- Samhljómur milli sáttmálans og nýrra jafnréttislaga, sbr. t.d. áherslan á samþættingu
- Sáttmálinn getur virkað eins og reglugerð til fyllingar lögunum, þó hann hafi auðvitað ekki þá lagalegu stöðu

Hvaða kröfur um beinar aðgerðir gerir sáttmálinn?



- Aðgerðaráætlun innan tveggja ára eða endurskoðun gildandi áætlunar þannig að hún endurspegli ákvæði sáttmálans
- Skýlt að innleiða öll ákvæði samningsins og tryggja fjármagn til þess, að því leyti sem þau taka til valdssviðs íslenskra sveitarfélaga, en sveitarfélög geta forgangsraðað markmiðum og ákveðið tímafresti til að framkvæma þau

Innleiðing sáttmálans



- Mörg ákvæði sáttmálans njóta þegar viðurkenningar hér á landi þannig að þau krefjast ekki beinna aðgerða
- Sveitarfélög geta haft samstarf um innleiðingu ýmissa ákvæða

Hvaða aðstoð geta sveitarfélög fengið til að innleiða sáttmálann?



- Jafnréttisstofa
- CEMR
- Þróun mælikvarða til að mæla árangur við innleiðingu einstakra ákvæða
- Leiðbeiningar um gerð aðgerðaáætlana
- Aðildarsveitarfélög munu skiptast á reynslu og þekkingu
- Möguleikar í evrópsku jafnréttisáætluninni “Progress”



- **Inngangur eða formáli** um það sem liggur að baki sáttmálanum
- **I. hluti: Meginreglur sem aðildarsveitarfélög viðurkenna að leggja til grundvallar:**
 1. Jöfn staða kvenna og karla er grundvallarréttur sem ber að innleiða á öllum ábyrgðarsviðum sveitarfélags.
 2. Taka þarf sérstaklega á margfaldri mismununun, sem fyrir utan kyn getur átt rót sína að rekja til kynþáttar, kynhneigðar, aldurs o.fl.



- Jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvörðunartöku er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags
- Afnáam staðalímynda kynjanna
- Samþætting kynjasjónarmiða
- Nauðsyn þess að gera aðgerðaráætlanir og tryggja nægilegt fjármagn

II. hluti: Innleiðing og skuldbindingar

1. Aðgerðaráætlun innan tveggja ára eða endurskoðun gildandi áætlunar



2. Skilgreina markmið, forgangsmál, tímaramma og framkvæmd
3. Samráð við gerð áætlunar, kynning á henni og árangri hennar
4. Endurskoðun áætlunar eftir þörfum
5. Þróa árangursmat og hafa samvinnu við önnur sveitarfélög í Evrópu með það fyrir augum að læra af reynslu annarra og miðla af eigin reynslu til þeirra
6. Tilkynna undirritun til CEMR (afrit til Sambands ísl. sveitarfélaga) og tilnefna tengilið vegna framtíðarsamstarfs



III. hluti: Ákvæði um hin ýmsu sveitarfélagasvið.

1. **Lýðræðisleg ábyrgð** (1. gr.) Jöfn staða kynjanna er grundvallarforsenda lýðræðisins og sveitarfélög bera lýðræðislega ábyrgð á að hún nái fram að ganga í raun
2. **Pólitískt hlutverk** (2.-7. gr.) Jafnréttissjónarmiða sé gætt við val á pólitískum fulltrúum, við þátttöku íbúanna í hinu staðbundna lýðræði, í stjórnarsýslu sveitarfélags og gagnvart samstarfsaðilum
3. **Almenn umgjörð** (8.-10. gr.) Sveitarfélög bera ábyrgð innan síns valdssviðs, skuldbinda sig til að vinna kynjamat og berjast gegn margfaldri mismunun

Efnisþættir sáttmálans



- **Atvinnurekandahlutverkið** (11. gr.)
Jafnréttissjónarmiða sé gætt í starfsmannamálum
- **Innkaup og samningar** (12. gr.) Gæta jafnréttissjónarmiða við gerð samninga um kaup á vörum, þjónustu og framkvæmdir, sérstaklega þegar verið er að bjóða út mikilvæga þjónustu fyrir almenning. Þá á samningsaðili að bera sömu ábyrgð og sveitarfélagið hefði borið



- **Þjónustuhlutverkið** (13.-23. gr.) Jafnréttissjónarmiða sé gætt í menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu (valdsvið ríkisins), félagsþjónustu, húsnæðismálum, menningarmálum, íþrótta- og tómstundamálum, vegna umönnunar barna og annarra aðstandenda, til að tryggja öryggi einstaklinga, í baráttu gegn félagslegri útskúfun, kynbundnu ofbeldi og mansali (valdsvið ríkisins)
- **Skipulag og sjálfbær þróun** (24.-28. gr.) Jafnréttissjónarmiða sé gætt við gerð skipulags, þróun stefnu um sjálfbæra þróun, við uppbyggingu samgangna og atvinnulífs og í umhverfismálum.



- **Reglusetningarhlutverk** (29. gr.) Sveitarstjórnir taki tillit til jafnréttissjónarmiða þegar þær beita heimildum sínum til að setja reglur fyrir íbúa sína.
- **Vinabæjar- og alþjóðlegt samstarf** (30. gr.) Sveitarfélög nýti slíkt samstarf til að fræðast um jafnréttismál og tryggji jafna þátttöku kynjanna í því.

Aðgerðir sem ganga þvert á ákvæði



- Samþætting kynjasjónarmiða á öllum stigum og sviðum.
- Tryggja jafnan aðgang kynjanna að ákvörðunartöku og þjónustu sem taki mið af þörfum hvors kynsins fyrir sig.
- Meta áhrif á hvort kynið fyrir sig.
- Samráð og kynningar
- Aðgerðir gegn staðalímyndum
- Taka á margfaldri mismunun
- Fræðsla til starfsfólks
- Útbreiðsla til samstarfsaðila